

23.11.2015

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Embættið telur mikilvægt að koma að tveimur athugasemdum við frumvarpið.

Annars vegar er gerð athugasemd við 3. mgr. 23. gr. um upphaf afplánunar í fangelsi, en þar segir: *Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að upplýsa fangelsisvöld um sjúkdóma sem gætu varðað öryggi og heilsu annarra.*

Embætti landlæknis telur að þessi málsgrein fari ekki saman við lögbundna trúnaðarskyldu heilbrigðisstarfsmanna sem er ein af grundvallarskyldum sem heilbrigðisstarfsmönnum ber að virða og er ein af forsendum árangursríkrar heilbrigðisþjónustu. Fjöldi lagaákvæða um þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna ber þessa glögg merki en um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna er fjallað um í lögum um réttindi sjúklings, lögum um heilbrigðisstarfsmenn, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um sjúkraskrár. Í lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 segir í 17. gr. um trúnaðar- og þagnarskyldu:

Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. nemar og þeir sem ekki eru heilbrigðisstarfsmenn, skulu gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem þeir komast að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir heilbrigðisstarfsmann undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklings, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

Um skyldu heilbrigðisstarfsfólks til að bregðast við upplýsingum um sjúkdóma sem gætu varðar öryggi og heilsu annarra er fjallað í sóttvarnalögum nr. 19/1997 og hafa þau dugað hingað til í þessu sambandi.

Með vísan til framangreinds leggur embætti landlæknis til að umrædd 3. mgr. 23. gr. verði ekki að lögum.

Hins vegar gerir embættið athugasemd við 71. gr. frumvarpsins um líkamsrannsókn, en þar segir í 2. mgr.:

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Embættið telur nauðsynlegt að það komi fram, annað hvort í lagatextanum eða í skýringum með einstökum greinum frumvarpsins, að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem framkvæma líkamsrannsókn eða töku blóðsýnis, eiga að vera aðrir en þeir sem eru að veita föngunum heilbrigðisþjónustu í fangelsunum. Annað gæti skert þann trúnað og traust sem er

nauðsynlegt að ríki milli þess sem er að sinna meðferð fanga og fanga sem þurfa meðferð.

Kveðja, Anna Björg Aradóttir

Anna Björg Aradóttir

Sviðsstjóri sviðs eftirlits og frávika

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Sími 510 1900. Bréfsími 510 1919

www.landlaeknir.is